

Sp. 295. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um fiskileit og tilraunaveiðar.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún beiti sér fyrir því, að skipuleg leit verði gerð á kolmunna og spærlingi á þessu ári. Veiðiskip verði tekið á leigu í þessu skyni og hefji það jafnframt tilraunaveiðar. Enn fremur verði hert á leit og tilraunaveiðum á loðnu síðari hluta sumars og næsta haust.

Greinargerð.

Miklar umræður fara nú fram um nýtingu íslenskra fiskstofna, stærð fiski-flotans og hvernig hagkvæmast sé að beita honum til veiða. Það er því tímabært að huga meira en gert hefur verið að fisktegundum, sem ekki eru fullnýttar.

Loðnuveiðar íslendinga hófust ekki að ráði fyrr en um og eftir 1965. Það var raunar ekki fyrr en skipuleg loðnuleit hófst sem veiðarnar jukust til mikilla muna. Síðast liðin tvö ár hefur loðnuaflinn verið á fimmta hundrað þús. tonn. Hins vegar er talið að stofninn þoli a. m. k. 600—800 þús. tonna afla. Á skammri loðnuvertíð hefur afkastageta í landi hamlað meiri veiðum. Talið er mögulegt að lengja loðnu-úthaldið með veiðum síðla sumars og fram á haust.

Spærlingur hefur nokkuð verið veiddur hér við land, en þó alls ekki í þeim mæli sem talið er að stofninn þoli, sem mun vera 60—70 þús. tonn á ári hverju.

Spærlingurinn, sem er mjög smár fiskur, er eingöngu veiddur til bræðslu. Þess er þó að vænta, að unnt muni reynast að hagnýta hann til manneldis.

Kolmunninn er þorskfiskur á stærð við sild og einn stærsti fiskstofn í Norður-Atlantshafi.

Hrygningarstöðvar kolmunnans eru einkum við djúpkantinn vestur af Íslands- og Skotlandsströndum. Þó er talið hugsanlegt að hluti stofnsins hrygni nær Íslandi og þá sennilega út af suðaustur- og suðurströndinni. Veiðar þessa fisks hafa farið vaxandi á seinni árum og er þegar hafin vélflökun á kolmunna og framleiddur úr honum frystur marningur. Íslendingar hafa veitt svolítið af kolmunna, en alls ekki leitað nægilega að honum né gert nægar tilraunir til veiða. Talið er líklegt að bjóða megi stofninum hér í grennd við landið a. m. k. 100 þús. tonna veiðar á ári. Þó vita menn hvergi nærri nóg um þennan fisk. Svo er raunar um fleiri fiska.

Á þessari loðnuvertíð er talið að allt að 120 skipum verði haldið til veiða. Ætla má að meðalaldur þeirra sé eitthvað yfir 10 ár.

Það er ástæða til að ætla að möguleikar væru á að beita þessari gerð skipa til nóta- og vörpuveiða allt árið um kring.

Þau hefja loðnuveiðar upp úr áramótum og fram á vor. Síðan koma til sildveiðar í Norðursjó, spærlingsveiðar við austur- og suðurströndina og e. t. v. suðaustur í hafi. Enn fremur kolmunnaveiðar á svipuðum slóðum. Þá loðnuveiðar síðla sumars og fram á haust. Og svo að lokum sildveiðar við suðurströndina.